

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Eftirfarandi eru óverulegar breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Bjarkardalur 10b.

Á fundi 2. september 2025 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Bjarkardals 10b. Breytingin var kynnt í skipulagsgátt, málsnr. 1240/2025, og felst í að koma fyrir gróðurskálum á svölum efri hæðar, sbr. uppdrætti Funkis arkitekta dags. 16. júlí 2025.

Brekadalur 63.

Á fundi 21. október 2025 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Brekadals 63. Breytingin var kynnt í skipulagsgátt, málsnr. 1237/2025, og felst í að breikka byggingarreit úr 10 m í 11 m og að auka byggingarmagn á lóð um 24 m², sbr. uppdrætti Beims ehf. dags. 6. ágúst 2025.

Tjarnabraut 40.

Á fundi 19. ágúst 2025 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Tjarnabrautar 40. Breytingin var kynnt í skipulagsgátt, málsnr. 1098/2025, og felst í að byggingarreitur á Tjarnabraut 40 verði stækkaður um 1,5 m til suðurs. Flatarmál byggingarreits verður þá 193,75 m² og nýtingarhlutfall 0,19.

Fuglavík 35.

Á fundi 19. ágúst 2025 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fuglavíkur 35. Breytingin var kynnt í skipulagsgátt, málsnr. 1098/2025, og felst í breytingu á byggingarreit skv. uppdrætti dags. 4. júní 2025.

Breytingarnar taka þegar gildi.

Reykjanesbæ, 28. nóvember 2025.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 18. desember 2025